

## Almennar vinnureglur við ráðningar sumarstarfsfólks hjá Hafnarfjarðarbæ 2017

1. Almenn sumarstörf hjá Hafnarfjarðarbæ verða auglýst laus til umsóknar og allar umsóknir fari í gegnum sama farveg. Hver umsækjandi getur sótt um fleiri en eitt starf. Sótt er um sumarstörf á vef Hafnarfjarðarbæjar. Hægt er að fá aðstoð við útfyllingu umsókna í Þjónustuveri Strandgötu 6 og í Vinnuskóla Hrauntungu 5.
2. Sumarstörfin verði auglýst eigi síðar en ~~1. mars~~ 25. febrúar og tekið verði við umsóknum frá 25. febrúar ~~mars~~ til 20. mars árið 2017.
4. Ráðningartími fyrir 18 ára og eldri í flest störfin er allt að 12 vikur. Sumarstarfsmenn 17 ára munu starfa í 6-7 vikur.
5. Forgangshópur vegna ráðningar eru þeir sem eiga lögheimili í Hafnarfirði.
6. Skólafólk og þeir sem eru án sumaratvinnu hafa forgang vegna ráðningar í sumarstörf. Þeir sem eru á launum eða lífeyri s.s. í orlofi, fæðingarorlofi, launuðu námsleyfi eða ellilífeyri fá ekki sumurvinnu.
7. Horft verði til umsagnar skv. matskerfi úr Vinnuskóla og / eða Umhverfis- og skipulagsviðs við val á starfsfólki, þar sem við á. Fulltrúar Vinnuskólans og Umhverfis- og skipulagssviðs ráða sumarstarfsmenn og fulltrúar Íþróttafélaga þá sem munu starfa þar. Áður en nýir starfsmenn eru ráðnir, sem ekki hafa unnið áður í sumarstarfi, skal fara fram ráðningarviðtal fyrir 18 ára og eldri.
8. Aldurstakmörk sem kynnt eru í upplýsingum um störf verði virt við ráðningar.
9. Öllum umsækjendum verður svarað með formlegum hætti í síðasta lagi í lok apríl. Skrifstofa Vinnuskólans ber ábyrgð á því að svara umsækjendum.

Samþykkt hjá Íþrótt- og tómstundanefnd 15. febrúar 2017